



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 10.06.2014 kl. 18:30

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE) Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

1. Framkvæmdastjóra var falið að koma í framkvæmd breyttu ráðningasambandi við yfirþjálfara hjá Barna og Unglingastarfi félagsins. Markmiðið er að breytingin eigi sér stað þegar vetrarstarfið hefst aftur í ágúst/september.
 - Verkefnið hefur verið unnið náið með formönnum Barna og unglingaráða hjá félaginu. Almennt hefur verið tekið vel í þessar breytingar.
 - Verkefnið og framkvæmdin var sömuleiðis kynnt á félagsráðsfundi þar sem almennt séð var mikil jákvæðni fyrir breytingunni.
2. Heiðursviðurkenningar
 - Lagt var til að Önnu Möller verði veitt heiðursviðurkenning (gullstjarna með lárviðarsveig) fyrir starf sitt fyrir félagið.
 - Lagt er til að nýta 25 ára afmæli kvannahlaupsins sem vettvang til að veita viðurkenninguna

Anna Ragnheiður Möller

Í dag notum við tækifærið á 25 ára afmæli Kvannahlaups í Garðabæ og heiðrum Önnu Ragnheiði Möller með því að veita henni GULLSTJÖRNU með lárviðarsveig sem er æðsta heiðursviðurkenning sem félagar í Stjörnunni geta hlotið. Þeir sem þessa viðurkenningu hljóta verða heiðursfélagar Stjörnunnar.

Til skamms tíma höfðu einungis fimm aðilar sem allir voru í forystusveit félagsins á fyrstu árum þess, orðið heiðursfélagar Stjörnunnar. Á aðalfundi Stjörnunnar þann 6. maí s.l. voru þeir Benedikt Sveinsson og Erling Ásgeirsson heiðraðir með sama hætti.

Anna hefur starfað fyrir Stjörnuna sem sjálfboðaliði í þrjá áratugi. Hún var um árabíl formaður Fimleikadeildar og síðan formaður Aðalstjórnar Stjörnunnar. Þá hefur Anna átt sæti í undirbúningsnefnd Kvannahlaups í Garðabæ frá árinu 1992 og verið formaður nefndarinnar frá því að Stjarnan tók við framkvæmd hlaupsins af Garðabæ árið 2000. Anna á einnig sæti í Kvannahlaupsnefnd ÍSÍ.

Það er Ungmennafélaginu Stjörnunni mikilvægara en nokkuð annað að eiga í sínum röðum fólk sem er tilbúið til að leggja félaginu lið, hvort heldur er, með beinu vinnuframlagi í stjórnnum félagsins og deilda þess eða öðru starfi í grasrótinni.



Anna Ragnheiður Möller er í hópi mikilvægustu liðsmanna Stjörnunnar og er vel að viðurkenningunni komin. Ég vil biðja ykkur að klappa fyrir Önnu Möller, heiðursfélaga Stjörnunnar.

- Einnig var lagt til að veita eftirfarandi aðilum Gullstjörnu
 - Hafa starfað í kvannahlaupsnefndinni frá 2000 - 2014**
 - Birna Guðmundsdóttir
 - Anný Antonsdóttir
 - Herborg Þorgeirsdóttir
- Lagt var sömuleiðis til að eftirfarandi fái Silfurstjörnu
 - Elsa Þórisdóttir
 - Halla Rósinkrans Guðmundsdóttir starfsmaður 2004 og 2006 – 2014

3. Önnur mál

- Lagt var til við framkvæmdastjóra að sækja um vínveitingaleyfi fyrir Stjörnuheimilið og ganga í það sem fyrst.
- Rætt var um Nóra og möguleikana sem kerfið býður upp á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00. Ritað J.Egils